



Hörgársveit

# Fréttabréf

23. september 2013 4. árgangur 19. tölublað

## Samkeppni um merki Þelamerkurskóla

Í tilefni af 50 ára starfsafmæli Þelamerkurskóla efnir skólinn til samkeppni um nýtt merki fyrir skólann. Allir geta sent tillögu á heimilisfangið Þelamerkurskóli, Laugalandi, 601 Akureyri. Skilafrestur er til 27. september nk.

## Söfnun á úrgangstimbri, brotajárni og úrsérgengum hjólbörðum verður vikuna 7.-11. október 2013

Vikuna 7.-12. október fer fram söfnun á úrgangstimbri og brotajárni. Þeir sem vilja losna við timburafanga og járnarusl þurfa að láta vita í síma 860 6846 fyrir kl. 16:00 4. október.

Nauðsynlegt er að auðvelt sé að komast að timbrinu með vörubíl og að búið sé að safna því saman á einn stað á hverju býli eða við hverja lóð.

Athugið að ekki má blanda þessum úrgangstegundum saman, né annan úrgang, s.s. óflokkaðan úrgang.

## Áttu lausan kofa

þ.e. sem er a.m.k. 2x4 m að stærð og þú þarft að losna við? Ef svo er getum við í Þelamerkurskóla notað hann. Hafðu samband við okkur í síma 460 1770 eða á netfanginu [thelamork@thelamork.is](mailto:thelamork@thelamork.is)

**Hörgársveit**

**Sími:** 461 5474 **Fax:** 461-5475  
**Netfang:** [horgarsveit@horgarsveit.is](mailto:horgarsveit@horgarsveit.is)  
**Póstfang:** Þelamerkurskóli, 601 Akureyri  
**Veffang:** [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is)

## Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 38 18. september 2013

Mætt voru: Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Þór Helgason, Helgi Bjarni Steinsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

### 1. Fundargerð menningar- og tómstundanefndar, 29. ágúst 2013

Fundargerðin er í þremur liðum, þ.e. yfirferð yfir stöðu menningar- og tómstundamála, um umsókn í styrktarsjóð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands (EBÍ) og um starfslok menningar- og atvinnumálafulltrúa. Gerð er tillaga til sveitarstjórnar um framlag að fjárhæð allt að 450.000 kr. á móti hugsanlegum styrk frá EBÍ vegna verkefnis um uppbyggingarmöguleika á Möðruvöllum.

*Sveitarstjórn samþykkti tillögu menningar- og tómstundanefndar um mótframlag sem nemur allt að 450 þús. kr vegna styrkumsóknar til EBÍ, sem þó verði að mestum hluta í formi vinnuframlags. Að öðru leyti gefur fundargerðin ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.*

### 2. Fundargerðir skipulags- og umhverfisnefndar, 3. og 12. september 2013

Fyrri fundargerðin er í fimm liðum, um álit Skipulagsstofnunar á matsskýrslu umhverfismats vegna efnistöku á Moldhaugahálsi, um umsögn Umhverfisstofnunar um deiliskipulag Skúta/Moldhauga, um bréf Umhverfisstofnunar, dags. 16. ágúst 2013, um friðlýsingu Hólahóla og Hóladals, um tillögu að breytingu á skipulagslögum og um bréf, dags. 15. ágúst 2013, frá Akureyrarbæ um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Seinni fundargerðin er í fjórum liðum, um endurnýjun á umsókn, dags. 4. september 2013, frá GV-Gröfum ehf. um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku á Björgum II, um umsókn, dags. 3. september 2013, frá Skútabergi ehf. um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku á Moldhaugahálsi, um tölvubréf, dags. 9. september 2013, frá Ólafi Valssyni um opinn fund hjá nefndinni og um bréf, dags. 9. september 2013, frá Umhverfisstofnun um friðlýsingu á hluta Glerárdals. Gerðar eru tillögur til sveitarstjórnar um að framkvæmdaleyfi verði gefin út fyrir framangreindum framkvæmdum.

*Sveitarstjórn samþykkti tillögur skipulags- og umhverfisnefndar um ítarlegri svör en áður hafa verið gefin við framkomnum athugasemdum við tillögu að deiliskipulagi Skúta/Moldhauga, sbr. ábendingu Skipulagsstofnunar, og að af hálfu sveitarfélagsins fari fram undirbúningur að friðlýsingu Hólahóla og Hóladals.*

*Sveitarstjórn samþykkti, að tillögu skipulags- og umhverfisnefndar, að gefið verði út framkvæmdaleyfi með gildistíma til 31. mars 2029 fyrir efnistöku í landi Bjarga II, sbr. fyrirliggjandi umsókn, matsskýrslu mats á umhverfisáhrifum, álit Skipulagsstofnunar á matsskýrslunni og drög að framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfisgjald, kr. 90.000, greiðist, auk þess að eftirlit og mælingar vegna magntöku greiðist skv. reikningi, sbr. gjaldskrá. Ennfremur samþykkti sveitarstjórn, að tillögu skipulags- og umhverfisnefndar, að gefið verði út framkvæmdaleyfi með gildistíma til 31. desember 2063 fyrir efnistöku í landi Moldhauga og Skúta, sbr. fyrirliggjandi framkvæmdalýsingu og efnistökuáætlun, matsskýrslu mats á umhverfisáhrifum, álit Skipulagsstofn-*

*unar á matsskýrslunni og drög að framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfisgjald, kr. 90.000, greiðist, auk þess að eftirlit og mælingar vegna magntöku greiðist skv. reikningi, sbr. gjaldskrá.*

*Að öðru leyti gefa fundargerðirnar ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.*

Sunna H. Jóhannesdóttir óskaði bókað að hún sitji hjá við afgreiðslu umsóknar um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku á Moldhaugahálsi.

### **3. Hjalteyri ehf., uppsögn samnings**

Rætt um áhrif starfsloka menningar- og atvinnumálafulltrúa á efundum á samningi Hjalteyrar ehf. og Hörgárveitar, dags. 26. janúar 2012, um framkvæmdastjórn og húsvörslu fyrir félagið.

*Sveitarstjórn samþykkti að samningi við Hjalteyri ehf., dags. 26. janúar 2012, um framkvæmdastjórn og húsvörslu verði sagt upp frá og með mánaðamótum september/október nk. og að sveitarstjóra væri falið að vinna að útfærslu á samningnum á uppsagnartíma hans, þ.e. til næstkomandi áramóta.*

### **4. Umsókn um framlag til tónlistarnáms**

Lögð fram umsókn um framlag til tónlistarnáms í öðru sveitarfélagi.

*Sveitarstjórn samþykkti að veitt verði framlag til tónlistarnáms í öðru sveitarfélagi, hjá nemenda á framhaldsskólaaldri, á skólaárinu 2013-2014, sbr. fyrirlliggjandi gögn, og að sótt verði um framlag til Jöfnunarsjóðs á móti.*

### **5. Fjárhagsáætlun 2013, viðauki**

Lögð fram drög að viðauka við fjárhagsáætlun fyrir árið 2013, sbr. 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Auðkenni viðaukans er 02/2013.

*Sveitarstjórn samþykkti viðauka nr. 02/2013 við fjárhagsáætlun 2013, sem gerir ráð fyrir hækkuun heildarkostnaðar að fjárhæð kr. 9.673.000.*

### **6. Torfnes, landskipti**

Lagt fram tölvubréf, dags. 22. ágúst 2013, frá Önnu Þ. Gísladóttur með ósk um samþykki fyrir breyttum landskiptum á Torfnesi. Á fundi sveitarstjórnar 21. nóvember 2012 voru fyrri landskipti jarðarinnar samþykkt.

*Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti breytt landskipti á Torfnesi eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum.*

### **7. Háls, umsögn um umsókn um rekstrarleyfi**

Lagt fram tölvubréf, dags. 3. september 2013, frá Sýslumanninum á Akureyri þar sem óskað er eftir umsögn um umsókn um rekstrarleyfi skv. gististaðaflokki II fyrir sumarhús að Hálsi.

*Sveitarstjórn samþykkti að af hennar hálfu verði ekki gerð athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis skv. gististaðaflokki II fyrir sumarhús að Hálsi.*

### **8. Fundargerð byggingarnefndar 20. ágúst 2013**

Lögð fram til kynningar fundargerð byggingarnefndar 20. ágúst 2013. Hún er í ellefu liðum. Þrír síðustu liðirnir varða Hörgársveit, um lengingu tveggja sumarhúsa í Fögruvík og um tvo færanlega vatnstanka á efnistökusvæði á Moldhaugahálsi.

## **Viðhald ljósastaura**

Tilkynna þarf um ónýtar perur og aðra viðhaldspörf á ljósastaurum heimreiða fyrir 27. september nk., ef úrbætur á að gera núna í haust. Næsta viðhaldsferð verður í desember. Síminn er 461 5474 og tölvupósturinn er [horgarsveit@horgarsveit.is](mailto:horgarsveit@horgarsveit.is)

## **Reglur um opna fundi nefnda**

1. gr.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum sbr. 31. gr. samþykktar um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar dags. 1. júlí 2013. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

2. gr.

Ákvörðun um opinn fund skal tekin á fyrri fundi nefndarinnar og fá þar samþykki allra fundarmanna.

3. gr.

Á dagskrá opins nefndarfundar verða einungis til umfjöllunar málefni sem varða umtalsverða og/eða almenna hagsmuni íbúa sveitarfélagsins og geta ekki varðað mál sem undanþegin kunna að vera upplýsingarétti almennings.

4. gr.

Opinn nefndarfund skal auglýsa með dreifibréfi til allra heimila í sveitarfélaginu og með auglýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. ágúst 2013

## **Næsti fundur sveitarstjórnar verður 16. október í Belamerkurskóla**

Dagskrá fundarins mun birtast á [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is) síðdegis 14.  
október